

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Vopnafjarðarhreppur  
Hamrahlíð 15  
690 Vopnafjörður

Reykjavík 10. janúar 2019  
UST201811-222/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag - Miðhluti hafnarsvæðis -- Vopnafjörður**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Vopnafjarðarhrepps er barst 21. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulag miðhluta hafnarsvæðis Vopnafjarðar.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að gildandi deiliskipulag sé frá 2009 og að þar er gert ráð fyrir að verksmiðja á skipulagssvæðinu stækki úr 850 tonna framleiðslu í 1100 tonn. Með nýrri tillögu er gert ráð fyrir framleiðslu uppá 1400 tonn. Sú framkvæmd er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar.

#### **1.3.2.3 Landfyllingar**

Í umhverfisskýrslu kemur fram að við gerð landfyllinga skal huga vel að legu og gerð fláa á jaðri uppfyllinga með tilliti til frákafts öldu sem berst inn á hafnarsvæðið. Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að áætlaðar fyllingar eru alls 2,8 ha. Stærð fyllingar við Ásgarð er 0,9 ha og fylling vegna vegtengingar er 0,3 ha skv. aðalskipulaginu.

Áætlanir um landfyllingar eru óbreyttar í ofangreindri tillögu. Landfyllingar eru ekki af þeirri stærð að þær falli undir 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

#### **Svæði fyrir birgðatanka**

Í tillögunni er gert ráð fyrir svæði fyrir birgðatanka á landfyllingu sunnan viðlegukantsins. Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu skal þró/olíugildra koma umhverfis reitinn í samræmi við reglugerðir þar um og í samráði við Umhverfisstofnun.




**UMHVERFIS  
STOFNUN**

**Hverfisvernd**

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir í kaflanum um hverfisvernd um áætlanir fyrir eldri byggð við höfnina.

Beðist er velvirðingar hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur